

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 22/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Adolf Frederiksen

(Örn Clausen hrl.)

Manndráp. Brenna. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 skotið héraðsdómi til Hæstaréttar til staðfestingar með áfrýjunarstefnu 13. nóvember 1985. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. f.m.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs þar sem fallist er á niðurstöður álitsgerðar Hannesar Péturssonar um geðheilbrigði ákærða.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakarmat og færslu brota til refsíákvæða. Einnig ber að fallast á að refsilækkunarástæður 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 komi eigi til álita, svo og að ákærði hafi rofið skilorð dóms frá 13. júlí 1984 og beri að dæma honum refsingu samkvæmt reglum 60. gr. hegningarlaga. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 16 ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans svo sem í héraðsdómi greinir og auk þess gæsluvarðhald síðan héraðsdómur var upp kveðinn, en ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi samfleytt síðan 15. mars 1985.

Dæma ber ákærða til þess að greiða sakarkostnað í héraði, en úrlausn héraðsdómara um það efni í dómsforsendum hefur fallið niður úr dómsorði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, allt svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Adolf Frederiksen, sæti fangelsi 16 ár. Til

frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið síðan 15. mars 1985.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 40.000,00 krónur fyrir báðum dómum, og réttargæslulaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, og málsvarnarlaun til hans fyrir báðum dómum, samtals 55.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 4. nóvember 1985.

Ár 1985, 4. nóvember er á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð er á Auðbrekku 10, af Ólöfu Pétursdóttur héraðsdómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 41 og 53, 1985: Ákærvaldið gegn Sigurði Adolf Frederiksen, sem tekið var til dóms 16. f.m. Málið var endurupptekið 1. nóvember sl. og dómtekið þann dag.

Mál þetta er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara á hendur Sigurði Adolf Frederiksen sjómanni, Þverbrekku 2, Kópavogi, nú gæslufanga, fæddum 27. apríl 1965 í Reykjavík.

Ákæra, dagsett 23. júlí 1985.

Með ákæru, dagsettri 23. júlí 1985, er málið höfðað á hendur ákærða, og er ákæruefni og dómkröfum þannig lýst í ákæru:

„I. Fyrir brennu

Fyrir að hafa árla morguns sunnudaginn 10. mars 1985 með íkveikju í rúmfatnaði í káetu sinni um borð í vélskipinu Boða GK 24, sem er 208 brúttórúmlasta stálskip, er skipið lá bundið utan á vélskipinu Haffara GK 240 við Norðurgarðinn í Njarðvíkurhöfn, valdið eldsvoða um borð í skipinu, er leiddi til verulegs brunatjóns í kátunni og öðrum nærliggjandi vistarverum í skipinu aftanverðu, undir aðalþilfari, hafði jafnframt í för með sér stórfellda hættu á yfirgripsmiklu eignatjóni og stefndi í bersýnilegan lífsháska þeim þremur manneskjum, sem um borð í skipinu voru, auk ákærða, er eftir íkveikjuna sofnaði ölvunarsvefni í matsal skipsins, stýrimanni og næturgesti hjá honum, en þau dvöldu, eins og ákærði vissi, í káetu stýrimanns, á sama gangi og aðliggjandi þeirri káetu, sem ákærði kveikti eldinn í.

Telst þetta brot ákærða varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fyrir manndráp og brennu.

Fyrir að hafa, um eða laust eftir kl. 02:00 aðfaranótt fimmtudagsins 14. mars 1985, er ákærði var staddur á trésmíðaverkstæðinu JHS innréttingar, Smiðjuvegi 50 í Kópavogi, svipt Jósef Liljendal Sigurðsson, til heimilis að Ásbúð 10, Garðakaupstað, lífi, með því að slá hann að minnsta kosti þrisvar sinnum í höfuðið með járnörri svo hann féll í gólfið, þá stungið hann með skrúfjárnri tveimur stungum, þá fyrri í andlitið við nefrót inn í gegnum höfuðkúpuna inn í fremstu heilagróf, en þá síðari á kaf í kviðarhol, og í framhaldi af því hellt lakkþynni eða öðrum eldfimum vökva yfir föt hans og líkama og lagt eld í er leiddi Jósef Liljendal til dauða.

Með íkveikjunni í fötum Jósefs Liljendal og líkama, sem lá í timburbyggðri skrifstofu og kaffistofu verkstæðisins, olli ákærði einnig eldsvoða sem að mestu var slökktur er slökkviliðið kom á vettvang en var til þess fallinn að hafa í för með sér stórfellda hættu á yfirgripsmiklu eignatjóni á öllu húsinu Smiðjuvegi 50 með þeim tækjum, áhöldum og efni er þar voru, svo og að minnsta kosti á næsta húsi, Smiðjuvegi 48, en trésmíðaverkstæðið JHS innréttingar er í iðnaðarhverfi í sambyggðri röð einnar hæðar steinhúsa með járnklæddum timburþökum er hvíla á stálbitum.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 211. gr., svo og 2. mgr. 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði auk greiðslu alls sakarkostnaðar dæmdur til þyngstu refsingar samkvæmt framangreindum lagaákvæðum. Verði refsingu markaður tiltekinn tími er krafist þyngingar þeirrar refsingar samkvæmt 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 2. september 1985.

Þá er málið einnig höfðað gegn ákærða með ákæru, dagsettri 2. september sl. fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot:

I.

Fyrir að hafa, aðfaranótt 24. desember 1984, brotist inn í verslunina Spešiuna, Iðnbúð 4, Garðakaupstað í félagi við Ragnar Ólafsson, Skóla-gerði 18, Kópavogi og stolið allt að 7.000 krónum í reiðufé og 20 vindlinga-lengjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Aðfaranótt fimmtudagsins 3. janúar 1985 brotist í þjófnaðarskyni inn í smurbrauðstofuna Björninn, Njálsgötu 49, í félagi við Vilmund Sigurð

Vilmundarson, Ásvallagötu 29, Reykjavík, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákæra, dagsett 23. júlí 1985.

Ákæruliður I.

Málsatvik.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. mars sl. kl. 06:14, barst lögreglunni í Keflavík tilkynning í gegnum loftskýtastöðina, að eldur væri laus í vélskipinu m/b Boða GK 24, þar sem hann lá bundinn við Norðurgarðinn í Njarðvíkurhöfn, utan á vélskipinu m/b Haffara GK 240.

Þegar lögreglan kom á vettvang lagði talsverðan reyk úr vistarverum skipverja aftur í bátnum. Innan skamms kom slökkviliðið og tók eina klukkustund að ráða niðurlögum eldsins. Prennt hafði verið um borð þegar eldurinn braust út, Guðmundur Kristinsson stýrimaður, Peggy Lynn Berry húsmóðir og ákærði. Voru þau flutt á sjúkrahúsið til athugunar þar sem þeim leið hálf illa eftir að hafa andað að sér reyknum.

Rannsóknarlögreglan í Keflavík tók fyrstu skýrslur af Guðmundi Kristinssyni, Peggy Lynn Berry og ákærða strax 10. mars sl. Hinn 15. mars sl. afhenti rannsóknarlögreglan í Keflavík rannsóknarlögreglu ríkisins gögn málsins og lauk hún við rannsókn málsins. Verða málsatvik nú rakin eins og þeim er lýst í framangreindum lögregluskýrslum, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, framburði ákærða og vitna fyrir dómi.

M/b Boði GK 24 er 208 brúttórúmlasta stálskip smíðað 1965. Íbúðir skipverja eru í afturhluta skipsins undir aðalþilfari. Þar eru kojur fyrir 6 menn í fjórum káetum, tveimur tveggja manna og tveimur eins manns. Brattur stigi liggur upp úr gangi fyrir framan íbúðirnar og er þá komið í gang sem tengist eldhúsi, matsal og vélarrúmi, og er gengið úr honum fram í yfirbyggt beitingarskýli og þaðan er svo aftur farið út á þilfar. Úr ganginum er einnig stigi upp í brú skipsins. Fyrir aftan aftari káeturnar eru oliutankar fyrir um 4000 ltr. af gasolíu, og milli fremri káetanna og vélarrúms eru einnig olíugeymar.

Rannsóknarlögregluþingur frá rannsóknarlögreglu ríkisins fór á vettvang 20. mars sl., skoðaði skipið og ræddi við útgerðarmanninn, Garðar Magnússon. Var þá búið að mála klefa þann, sem eldur hafði kviknað í, í hólfi og gólf, og einnig hafði verið málað yfir veggi framan við umræddan klefa. Hafði útgerðarmaðurinn litið svo á, að rannsókn málsins hefði verið lokið þegar rannsóknarlögreglan í Keflavík hafði kannað og ljósmyndað vettvang. Fram kemur í vettvangslýsingu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem

hefur verið staðfest, að megna reykjarlykt mátti finna strax og komið var um borð og varla væri hægt að notast við vistarverur afturí vegna skemmda af völdum eldsins og þá helst þar sem lyktin væri svo slæm og óþægileg.

Ákærði skýrir svo frá, að eftir hádegi 9. mars sl. hafi hann hitt útgerðarmann m/b Boða GK 24, Garðar Magnússon, Höskuldarkoti, Njarðvík, og fengið hjá honum peninga kr. 4000, en ákærði var skipverji á m/b Boða GK 24. Hann hafi síðan fengið að sitja í bifreið hjá kunningjum sínum til Reykjavíkur. Hann hafi verið byrjaður að drekka áfengi um miðjan dag. Um kl. 19:00 kveðst ákærði hafa farið á veitingastaðinn „Y“ í Kópavogi og dvalið þar til kl. 03:00 er dansleik lauk. Ákærði kveðst hafa drukkið bjórliki fyrir allt að kr. 3500 á dansleiknum. Að loknum dansleik kveðst ákærði hafa gengið yfir að matsölustaðnum Smiðjukaffi. Þar hafi hann heyrt á tal manna að þeir væru að leggja af stað til Keflavíkur í leigubifreið og fékk hann að verða þeim samferða. Ákærði kveðst hafa farið út úr bifreiðinni við Njarðvíkurhöfn. Ákærði kveðst hafa drukkið áfengi á leiðinni suður. Hafi hann, er hér var komið sögu, verið búinn að drekka 1 og ½ flösku af sterku áfengi, auk bjórlikis frá því að hann hóf áfengisdrykkju um miðjan dag. Telur hann sig hafa verið undir miklum áfengisáhrifum er hann kom um borð í m/b Boða GK 24.

Ákærði kveðst hafa gengið beint niður í klefa Guðmundar stýrimanns þegar hann kom um borð. Ákærði kveðst hafa séð að stúlka var hjá Guðmundi en kveðst einungis hafa séð í fætur hennar. Ákærði kveðst hafa beðið Guðmund að lána sér peninga til þess að komast til Reykjavíkur en því hafi Guðmundur neitað. Ákærði kveðst hafa farið upp í matsal og hitað sér pylsur og borðað þær. Hann hafi síðan farið upp í stýrishús og kallað í talstöð bátsins án árangurs. Ákærði kveðst á ný hafa gengið niður í káetu Guðmundar og ítrekað fyrri beiðni sína. Hann kveðst hafa reiðst þegar Guðmundur synjaði honum um peningalán og farið upp. Nokkru síðar hafi hann farð niður aftur og inn í káetu sína, sem er aðliggjandi káetu Guðmundar og hafi þá verið búinn að ákveða að kveikja í káetu sinni. Ákærði segir að þessi ákvörðun sín hafi verið hefndarráðstöfun þar sem Guðmundur hafi ekki viljað lána sér peninga og hafi það verið ætlun sín að kveikja í bátnum. Ákærði kveðst hafa borið eld í sæng í nedri koju með eldspýtu. Hann hafi beðið á meðan eldurinn magnaðist og þegar hann hafi yfirgefið káetuna hafi eldurinn logað vel. Að því búnu kveðst ákærði hafa gengið upp í matsal og lagst þar til svefns á bekk, enda þreyttur, og hafi verið farinn að dotta þegar stýrimaðurinn hafi kallað til hans og beðið hann að koma þar sem eldur væri laus í klefa hans. Ákærði skýrir svo frá bæði fyrir dómi og í lögregluskýrslum að hann hafi ekki hugleitt afleiðingar verknadarins, þ.e. að fólki því sem um borð var stafaði lífsháski af gerðum hans þegar hann kastaði eldspýtunni í sængurfatnaðinn.

Ákærði segir Guðmund hafa vakið sig með þeim orðum að kviknað væri í káetu ákærða. Hann hafi jafnframt sagt ákærða að finna slökkvitæki og fara niður og reyna að slökkva eldinn. Ákærði kveðst hafa hlýtt Guðmundi. Þegar hann hafi komið inn í klefa sinn, þá hafi neðri kojan verið alelda. Ákærði kveðst án árangurs hafa reynt að slökkva eldinn. Hann tæmdi tækið, en kveðst þá ekki hafa getað haldist við niðri sökum hita og reyks. Ákærði kveðst þá hafa farið upp í stýrishúsið og hitt fyrir Guðmund stýrimann og Peggy Lynn Berry. Hafi þau flúið frá borði með því að fara út um glugga á stýrishúsinu yfir í næsta bát en þetta hafi verið eina undankomuleiðin. Ákærði kveðst síðan hafa að beiðni stýrimannsins hlaupið til Garðars Magnússonar útgerðarmanns og tilkynnt honum hvernig komið væri.

Vitnið Guðmundur Kristinsson, stýrimaður á m/b Boða GK 24, skýrir svo frá að hann hafi farið á dansleik í KK-húsinu laugardagskvöldið 9. mars sl. Á dansleiknum hafi hann hitt stúlku, Peggy Lynn Berry, sem hann hafi boðið með sér um borð í m/b Boða GK 24 að loknum dansleik um kl. 03:30. Þau hafi farið um borð í bátinn, haft stutta viðdvöl í matsalnum og gengið niður í káetu vitnisins og lagst til svefns. Um það bil klukkustundu síðar hafi ákærði komið inn í klefa til hans og beðið hann um peningalán fyrir leigubifreið til Reykjavíkur. Guðmundur kveðst hafa neitað að lána ákærða peninga. Ákærði hafi yfirgefið kátuna og kveðst vitnið hafa heyrt er ákærði gekk upp stigann. Nokkur tími leið þar til ákærði kom á ný inn í klefa til Guðmundar og ítrekaði fyrri beiðni um peninglán en vitnið kveðst aftur hafa synjað ákærða um það. Ákærði hafi þá reiðst og skellt á eftir sér hurðinni er hann fór út úr klefanum. Guðmundur kvaðst þá hafa sofnað, og ekki getur hann sagt hversu löng stund leið þar til hann vaknaði aftur og kveikti ljós. Í sömu andrá kveðst hann hafa heyrt, að gengið var niður stigann og farið inn í klefa ákærða. Sá sem var á ferð hafði mjög stutta viðdvöl inni í kátunni og heyrði vitnið að hlaupið var upp stigann og járnhurð stjórnborðsmegin skellt aftur. Vitnið kveðst hafa ályktað að ákærði væri á ferð í illu skapi. Nokkrum mínútum síðar kveðst vitnið hafa fundið reykjarlykt og farið fram til þess að aðgæta hvers kyns væri. Klefahurðin inn til ákærða hafi verið opin og hafi eldur logað í sængurfötum í neðri kojunni. Reykur hafi verið inni í klefanum aðallega uppi við loft. Guðmundur kveðst hafa gengið úr skugga um að engir væru í kojunum. Að því búnu kveðst hann hafa farið inn til sín og vakið Peggy Lynn Berry er risið hafi upp við dogg þegar hann kallaði til hennar að eldur væri laus um borð. Að því búnu kveðst Guðmundur hafa hlaupið upp í leit að slökkvitæki. Hafi hann þá séð í fætur ákærða, þar sem hann lá á bekk í matsalnum. Hann hafi kallað til ákærða

að eldur væri laus í klefa ákærða og beðið hann að fara og sækja slökkvitæki sem væri á ganginum bakborðsmegin.

Vitnið kveðst hafa hlaupið niður aftur til þess að sækja Peggy, sem reyndist sofandi. Vitnið keðst hafa átt í erfiðleikum með að vekja hana. Hann hafi þurft að hrista hana til og þegar hún loks kom til sjálfrar sín, þá hafi hann þurft að aðstoða hana upp stigann. Þegar hér var komið sögu var töluverður reykur í vistarverum niðri. Á leið upp stigann hafi þau mætt ákærða með slökkvitækið. Guðmundur sagði ákærða að fara niður og reyna að slökkva eldinn en sjálfur kveðst hann hafa farið upp ásamt Peggy og inn í stýrishús. Guðmundur kveðst hafa tilkynnt um eldsvoðann í gegnum lofskeytastöðina. Í sömu andrá hafi ákærði komið og sagt að sér hefði ekki tekist að ráða niðurlögum eldsins en hann hefði tæmt slökkvitækið. Þau hafi þá reynt að komast frá borði en sökum þess að báðar hurðir í stýrishúsi voru læstar og ógerlegt að fara út um dyr á íbúðargangi vegna reykjar, þá hafi þau verið tilneydd að skriða út um glugga á stýrishúsi. Hafi þau farið yfir í næsta bát en m/b Boði GK 24 lá bundinn við hann. Guðmundur kveðst hafa leitað skjóls í bátnum ásamt Peggy þar til lögreglan og slökkviliðið komu á vettvang en ákærði hljóp til útgerðarmannsins og tilkynnti honum um atburðinn.

Guðmundur telur að bæði lífi hans og stúlkunnar hafi verið stefnt í ber-sýnilega hættu með íkveikjunni. Það hafi verið hrein tilviljun að hann hafi vaknað þegar ákærði fór niður í 3ja sinnið og kveikti í. Það hafi ekki mátt tæpara standa að honum lánaðist að vekja Peggy og koma henni upp. Eina undankomuleiðin úr káetu Guðmundar hafi verið upp stigann við hlið káetu ákærða.

Veðrinu lýsir Guðmundur á þá leið að það hafi verið kaldt, snjóað hafi fyrr um nóttina en engin snjókoma verið þegar þau yfirgáfu bátinn.

Vitnið Peggy Lynn Berry húsmóðir skýrir svo frá að hún hafi kynnst Guðmundi Kristinssyni stýrimanni á m/b Boða GK 24, á dansleik í KK-húsinu, aðfaranótt 10. mars sl. Guðmundur hafi boðið henni um borð í m/b Boða að loknum dansleik um kl. 03:30. Þau hafi farið um borð, komið við í matsalnum og gengið síðan niður og tekið á sig náðir. Peggy kveðst hafa sofnað og hafi ekki orðið vör við ferðir ákærða inni í káetu Guðmundar og getur því ekki borið vitni um samræður þeirra. Peggy kveðst hafa verið ölvuð og þreytt. Hún kveðst ekki muna eftir því að Guðmundur hafi vakið sig nema einu sinni og hafi hún þá farið fram úr og með aðstoð hans farið upp stigann og inn í stýrishúsið. Peggy kveðst hafa átt í erfiðleikum með að vakna þar eð sér hafi fundist hún vera að kafna, sökum reyksins, þegar hún kom til sjálfrar sín. Á leið út úr káetu Guðmundar kveðst Peggy hafa séð mann vera með slökkvitæki að reyna

að slökkva eldinn og reyndist hann vera ákærði í máli þessu. Ákærði hafi komið inn í stýrishúsið til þeirra Guðmundar þegar slökkvítílaunir hans reyndust árangurslausar. Þau hafi yfirgefið bátinn með því að fara út um glugga á stýrishúsi. Ákærði hafi farið fyrstur, næst vitnið og síðastur hafi Guðmundur farið frá borði. Peggy segir að ákærði hafi aðstoðað sig við að komast milli bátanna.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði til brunamálastjóra ríkisins með bréfi, dagettu 28. mars 1985, og óskaði eftir álitum um það, hvort íkveikjan hefði valdið eldsvoða, sem haft hefði í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháskann annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Brunamálastjóri fól Ástvaldi Eiríkssyni, forstöðumanni eldvarnaeftirlits á Keflavíkurflugvelli, og Guðmundi Gunnarssyni, byggingaverkfræðingi, að meta almannahættu vegna íkveikjunnar, og skiluðu þeir ítarlegri skýrslu, dagsettri 4. apríl 1985, um það efni, sem þeir hafa staðfest við meðferð málsins. Í skýrslu þeirra segir svo, eftir að þeir hafa lýst aðstæðum:

„Skemmdir af völdum eldsins í skipinu.

Tveggja manna káeta á bakborða: er við hliðina á káetunni sem kveikt var í. Hurðin hefur verið lokað við brunann. Lítillháttar sótskemmdir í lofti káetunnar en óverulegar hitaskemmdir.

Eins manns káeta í bakborða: skemmdist á svipaðan hátt og tveggja manna káetan sem að ofan er lýst.

Eins manns káeta á stjórnborða: Í þessari káetu var stýrimaðurinn og stúlka með honum. Búið er að endurklæða loftið í káetunni, þannig að ekki var hægt að skrá skemmdir á því. Hurðin er allmikið brunnin, einkum karmar að ofan. Spónn á timburstykki yfir hurð hefur flagnað af og brunnið allmikið. Á veggjum hefur harðplast (formica) brunnið af ca. 80 sm innfyrir dyrnar. Lakk á tréverki uppi við loft er mikið bólað upp. Ljóst er af hitamerkjum að stutt hefur verið í að það kviknaði í lofti káetunnar.

Tveggja manna káeta á stjórnborða: Í þessari káetu var eldurinn kveiktur. Búið var að fjarlægja hurðina og negla krossviðarspjald fyrir gatið. Káetan er mest brunnninn í loftinu og á afturvegg að oliutönkunum. Káetan hefur verið einangruð með polystyren og var það brunnið burtu á þeim stöðum sem eldurinn hefur verið kominn í gengum klæðningar á veggjum og lofti. Utan á veggnum að oliutanknum er eingöngu eftir upplímingin á plastinu og plastslettur. Harðplastið á veggjum og lofti brunnið burtu að miklu leyti, þó minnst úti í stjórnborðsiðunni.“

Er næst vikið að lýsingu á brunanum, sem er í samræmi við skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi, síðan segir:

„Útkallið um brunann berst til slökkviliðsins kl. 0614. Þegar reykkafarar

fara niður í skipið, þar sem eldurinn var, var kominn mjög mikill hiti í skipið og talsverður eldur. Loftræsting skipsins var í gangi, þannig að eldurinn fekk nægilegt súrefni. Hitinn var það mikill að tveir reykkafarar fengu 1. stigs bruna á hálsinn við það að fara þarna niður.

Hefði stýrimaður ekki vaknað við umganginn í Sigurði eins og raun varð á, má telja víst að stýrimaðurinn Guðmundur Kristinsson og Peggy Lynn Berry hefðu farist í brunanum. Eldurinn hefði haldið áfram að breiðast út því nægur eldsmatur var fyrir hendi og loftræstikerfið sá eldinum fyrir nægu súrefni. Aftari eldsneytistankarnir voru fullir af olíu og má reikna með því að olía hefði runnið úr þeim þegar hún hefði hitnað og þanist út. Olían hefði þá runnið út um yfirfallsopin upp á dekk og hefði getað tekið eld þar. Fremri olíutankarnir voru hálffullir þannig að olían hefði ekki runnið úr þeim þrátt fyrir upphitun. Viss sprengihætta er aftur á móti frá þannig fylltum geymum sem þó er ekki talin vera mikil í þessu sambandi.

Hefði eldurinn magnast skjótt, eru líkur á að hann hefði getað valdið hitaskemmdum á næsta skipi, einkum á veiðarfærum.

Niðurstaða.

Umræddur bruni stefndi tvímælalaust lífi þeirra Guðmundar Kristinssonar og Peggy Lynn Berry í bráða hættu og einnig er mögulegt að Sigurður A. Frederiksen hafi verið í hættu í borðsalnum. Þó eru mestar líkur á því að hann hafi verið vakandi og því getað forðað sér áður en reykurinn og hitinn fóru að vera hættuleg.

Skipið hefði mjög líklega gjöreyðilagst ef eldurinn hefði ekki uppgötvast svona snemma, en önnur skip hefðu varla verið í umtalsverðri hættu.“

Fébotakröfur hafa ekki verið gerðar en í staðfestri upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettri 7. júní sl., segir að m/b Boði GK 24, sé tryggður brunatryggingu hjá Samábyrgð Íslands. Í samtali rannsóknarlögreglu ríkisins við Henrik Matthíasson, deildarstjóra hjá Samábyrgð, kemur fram að tjónið, sem varð af eldsvoðanum, sé metið á aðra milljón króna en endanlegar tölur liggi ekki fyrir þar sem viðgerð sé ekki lokið á skipinu.

Ákæruliður II.

Málsatvik.

Fimmtudaginn 14. mars 1985, kl. 02.54 var tilkynnt til lögreglunnar í Kópavogi að eldur væri laus að Smiðjuvegi 50, Kópavogi. Þegar lögreglan kom á vettvang voru starfsmenn frá Smiðjukaffi búnir að ráða niðurlögum eldsins en í ljós hafði komið að maður hafði brunnið inni. Lögreglan hafði tal af manni þeim sem fyrstur varð eldsins var, Sigurði Adolf Frederiksen,

Þverbrekku 2, Kópavogi, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Ákærði kvaðst hafa verið á gangi fram hjá Smiðjuvegi 50, áleiðist að Smiðjukaffi, þegar hann varð þess áskynja að reyk lagði frá húsinu. Hann hafi reynt að komast inn í húsið en þegar það hafi ekki tekist, hafi hann farið í Smiðjukaffi og náð í hjálp. Ingimar Friðrik Jóhannsson, Tunguvegi 74 og Eiríkur Árni Hermannsson, Laugarásvegi 24, hafi fylgt sér yfir að Smiðjuvegi 50. Ennfremur hafi komið með þeim starfsmenn frá Smiðjukaffi, þeir Bjarni Jónsson, Þórarinn Kjartansson og Albert Birgisson. Þessir menn voru allir staddir fyrir utan Smiðjuveg 50, og voru búnir að slökkva eldinn eins og áður greinir. Höfðu þeir séð að maður lá á gólfi kaffistofunnar og logaði eldur í honum aðallega í miðjum líkama. Skömmu eftir að lögreglan kom á vettvang komu sjúkrabífreið og slökkvilið.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn, og hófu starfsmenn hennar rannsókn málsins þegar um nóttina. Í málinu liggja fyrir skýrslur þeirra um gagngera rannsókn á vettvangi svo og myndir. Við frumrannsókn vöknudu strax grunsemdir um að hinum látna hefði verið ráðinn bani.

Rétt þykir að gera lýsingu á vettvangi ítarleg skil, þar sem ákærði er, auk þess að vera ákærður fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Í vettvangsskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins er vettvangi lýst svo:

„Húsið við Smiðjuveg 50, Kópavogi, er steinsteypt með járnklæddu þaki. Það er í röð húsa sem í eru ýmiskonar iðnfyrirtæki. Í húsinu eru tvö fyrirtæki, annað trésmiðaverkstæðið JHS innréttingar en hitt vörugeymsla fyrir rafvirkjameistara. Sú hlið hússins, sem snýr að Smiðjuvegi, er á móti suð-vestri.

Trésmiðaverkstæðið JHS innréttingar er í vesturenda hússins og eru tvennar dyr að fyrirtækinu, sem snúa að Smiðjuvegi. Önnur stór „vængjahurð“ og til hægri við hana minni hurð með lóðréttu gluggaopi og er tréspjald neglt fyrir opið. Fyrir ofan minni hurðina eru tveir gluggar. Á austurhlið verkstæðisins er röð glugga.

Í suð-vestur enda hússins, innan við stóru „vængjahurðina“, er bílageymsla og er hún þiljuð af frá verkstæðinu með léttum veggjum úr spónaplötum. Inn í geymslunni eru margskonar varahlutir í bíla.

Til hægri, þegar komið er inn um aðalinnganginn, er 220 sm hár steinveggur og ofan á honum léttur skilveggur upp undir þak. Mesta lofthæð í verkstæðinu er um 7 m. Gólf verkstæðisins er steinsteypt og á því eru ýmiskonar trésmiðavélar og verkfæri.

Í suð-austur horni verkstæðisins er upphækkun, u.þ.b. 12 m frá innganginum. Upphækkunin er byggð úr timbri og klædd með spónaplötum. Hæð upphækkunarinnar, frá gólfi verkstæðisins, er 236 sm og liggur

brattur stigi upp á hana. Undir stigapallinum er salernisaðstaða. Þar á gólfinu er járnruslafata og hefur rusli úr henni verið hvolfið á gólfið. Skammt fyrir framan dyr salernisins er handslökkvitæki, dufttæki, og er blóðkám á haldi þess.

Á framhlið upphækkunarinnar er gengið inn í lítið geymsluherbergi sem í eru hillur og á þeim ýmiskonar smádót og verkfæri. Þar fyrir innan er herbergi sem notað hefur verið sem lakkklefi. Hluti loftsins í klefanum er klæddur með spónaplötum 10 mm þykkum, en hitt er óklætt. Á gólfinu, fyrir framan dyrnar inn í lakkklefann, liggja tvær lausblaðamöppur.

Þrep stigans upp á upphækkunina eru klædd teppisefni og á því sjáanleg blóðspor. Til vinstri þegar komið er upp stigann er baklaus fataskápur með hillum og fatahengi. Tvær hurðir eru á hinni hlið skápsins og vísa þær inn. Innst á stigapallinum upp við vegg og stigahandriðið standa „rörberar“.

Á upphækkuninni er skrifstofuaðstaða fyrirtækisins og kaffistofa. Til hægri, þegar horft er inn, eru innréttingar við vegg og fyrir innan þær er skrifborð og við það bakstóll. Við fremri enda skrifborðsins er skrifstofustóll á hjólum. Blóðslettur eru á innréttingunni. Á gólfinu við fremri enda innréttingarinnar liggur brotin glerkanna (ölkanna) og smærri brot úr henni út um gólf. Innst til vinstri, upp við 1 m háan skilvegg, stendur teikniborð og við hliðina á því, á gólfinu, eru tómar flöskur. Blóðslettur eru á flöskunum og á skilveggnum. Ofan á skilveggnum, framan við teikniborðið, er bókaskápur sem í eru bækur og ýmiskonar pappír. Á framhlið skápsins eru greinilegar blóðslettur svo og á skilveggnum fyrir framan hann og neðan. Við skilvegginn stendur borð (kaffiborð) og á því er ýmiskonar pappír og bækur, stimpill, tóm drykkjarilát og sími.

Á gólfinu fyrir innan borðið stendur bakstóll. Blóðslettur eru á stólfætunum og aftan á baki stólsins. Á gólfinu milli stólsins og skilveggisins liggur brunnið mannslik og nemur vinstra hné líksins við hægri framlöpp stólsins. Á gólfinu út frá mjöðm líksins, við skilvegginn, liggja brotin sölglæraugu, stimpill og brunnið málband. Gólfið undir miðju líksins er talsvert brunnið og brunnið gat gegnum gólflæðninguna, sem er spónaplötur, niður í lakkklefann. Talsverður blóðlitaður pollur var á gólfinu hægra megin við höfuð líksins, en það liggur með höfuð til austurs og fætur til vesturs og koma þær að hluta undir borðið. Á gólfinu milli borðsins og innréttingarinnar er blóðlitaður vökvi sem hugsanlega hefur runnið frá líkinu undir vinstri fót þess og stólinn út á gólfið. Framan við borðið eru tveir bakstólar og eru vinnuföt á þeim báðum.

Loft verkstæðisins er allt klætt með spónaplötum. Vesturveggur verkstæðisins er steyptur brunaveggur og þakið klætt að honum svo og loftklæðning.“

Lík Jósefs L. Sigurðssonar var krufið 14. mars sl. af Ólafi Bjarnasyni prófessor, dr. med. Í skýrslu hans er áverkum á líkinu lýst svo:

„.... Líkið er af 167 cm háum karlmanni eftir því sem nánast verður mælt en líkið er nokkuð kreppt, bæði í hnjáliðum og mjaðmaliðum. III. stigs brunni er um mestallan búkinn og eru vefir víðast hvar kolaðir. Bruninn er greinilega mestur hæ. megin á líkinu og hafa vefir eyðst þar neðanvert á brjóstkaða svo mjög að opið er inn í brjósthólið. Einnig er opið inn í kviðarhólið ofan til hæ. megin og skín þar í utanverðan hæ. lifrarlappa. Á búknum einkum framanverðum eru leifar af fatnaði sem er að mestu bruninn. Fatnaðarleifum þessum er safnað saman og þær settar í poka og sendar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði til nánari efnagreiningar. Hæ. handleggur er mikið bruninn og er þar einnig um III. stigs bruna að ræða og vefir kolaðir og mikið eyddir þannig að víða sér í vöðva. Á hæ. hendi sér víða í bein og hafa sumar fremstu kjúkur á fingrum eyðst með öllu. Vi. upphandleggur er einnig með útbreiddum III. stigs brunabreytingum og vefir kolaðir en framhandleggur er lítið sem ekki bruninn. Verulegar brunabreytingar eru á lærum og einnig á hægri fótlegg en lítið sem ekki á vi. fótlegg. Á fótum líksins eru stuttir bláir sokkar, hvítir strigaskór. Sokkur og skór á vi. fæti er ekki brunnið en hins vegar er efri hluti sokks á hæ. fæti bruninn að nokkru og sömuleiðis hælhluti á skónum. Brunabreytingar eru ekki á höfði og ná aðeins upp á hálsinn neðst. Ofanvert á höfðinu vi. megin eru miklir áverkarnir. Þannig er gapandi skurður með tættum börmum neðanvert á enni og liggur frá utanverðri vi. augabrún inn á við og upp á við á enni á ská og mælist 7 cm á lengd. Áverki þessi gengur alls staðar inn í bein. 3,5 cm ofan við vi. augabrún og nokkurn veginn samhliða henni er 5 cm langur skurður með tættum börmum og gapir allt að 2 cm og gengur inn í bein. Uppi undir hársrótum vi. megin á enni er enn einn áverki 3,5 cm á lengd með tættum börmum og gengur inn í bein. Loks er stjörnulaga sár tætt um 1 cm í þvermál aðeins vi. megin við nefrótina og í augnabrúnarkantinum. Frá þessum áverka í húðinni liggur gangur inn í gegnum ennisbeinið og inn í höfuðkúpuna neðst í fremstu heilagróf en gengur ekki í gegnum dura. Innra opið á gangi þessum mælist 1 cm í þvermál. Áberandi glóðarauga er á vi. auga. Einnig vottar fyrir mari innan við augnakrók á báðum hæ. augnlokum. Rétt neðan við angulus mandubulae vi. megin er 1 cm langur skurður í húðinni með tættum börmum og gengur í gegnum húð. Ofan til á nefinu í stefnu þvert á það er 1,5 cm grunnur skurður sem nær aðeins inn úr húðinni. Enn er 2 cm langur skurður með tættum börmum framan á höku og gengur aðeins inn úr húð. 2 cm hæ. megin við nafla skagar járntittur 4,6 cm út úr kviðnum. Jártittur þessi er svartur af bruna. Armbandsúr er á vinstri úlnliði. Líkið er svo til allt þakið fingerðu dufti að framan (úr eldslökkvitæki).

Brjóst- og kviðarhol opnað: Kviðveggsfita mælist 1 cm á þykkt. Við nánari athugun á ofangreindum járntitti sést að hér er um að ræða skrúfjárn sem gengur inn í gegnum kviðvegginn og skagar 7,5 cm inn í kviðarholið. Titturinn sem út úr kviðveggnum stendur hefur sýnilega borið handfangið sem að öllum líkindum hefur eyðst í eldinum. Þvermál skrúfjárnsins framanvert er 0,6-0,7 cm. Skrúfjárníð hefur aðeins litillega sært mjógirnislykkju og mesenterium rótina næst henni en þarna er ekki um perforation að ræða og mjög litilfjörleg blæðing í vefina í kring. Eins og áður segir sást utan frá gapa inn í kviðarholið efst hæ. megin og verður breytingum á lifur lýst nánar síðar. Vi. megin í brjóstholi eru 124 ml af tærum, ljósleitum vökva en pleura þeim megin er slétt og gljáandi. Hæ. megin hefur opnast inn í brjóstholið neðst vegna brunans og er neðsti lappi lungans utanvert mattur á yfirborði en pleura sem heild er að öðru leyti slétt og gljáandi...“

Niðurstæða skýrslunnar er þessi:

„Við krufninguna komu í ljós miklir áverkar á höfði mannsins og er sýnilegt að stærstu áverkarnir hafa hlotist af því að maðurinn hefur verið barinn í höfuð með sljóu barefli að minnsta kosti þrisvar sinnum. Áverki vinstra megin við nefrót hefur orsakast af því að skarpt áhald (sennilega skrúfjárn) hefir verið rekið af miklu afli í gegnum húðina og inn í gegnum höfuðkúpuna inn í fremstu heilagróf. Höfuðhögginn hafa einnig valdið blæðingum í heilavef. Þá var stungusár á kvið, þar sem skrúfjárníð hafði verið stungið á kaf, upp að skafti og skilið eftir í sárinu. Höfuðáverkarnir munu hafa leitt til þess að maðurinn missti meðvitund en brunabreytingar síðan dregið hann til dauða. Maðurinn hefir verið ölvaður er hann lést.“

Samkvæmt niðurstöðum réttaefnafræðilegs mats var magn etanols í blóði 2.14‰ og í þvagi 2.99‰. Blóðrauði var mettaður koloxíði að 4 hundraðshlutum. Benzódiazepinasambönd voru ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Kannabíóníðar voru ekki mælanlegir í þvagi, né amfetamín.

Klipptar voru þjótur úr fatnaði ákærða með blettum, sem virtust vera blóðblettir og sent til blóðblettagreiningar til The London Hospital Medical College. Niðurstöður þeirrar rannsóknar staðfesta að umræddir blettir séu blóðblettir, en útilokað sé að það blóð gæti hafa komið úr ákærða sjálfum, en samrýmist því hins vegar að blóðið gæti verið úr Jósef Liljendal Sigurðssyni.

Ákærði hefur við meðferð málsins jatað það afdráttarlaust að hann hafi slegið Jósef Liljendal Sigurðsson, að minnsta kosti þrisvar sinnum í höfuðið með járnörri svo hann féll í gólfíð, þá stungið hann með skrúfjárníð í kaf í kviðarhol og í framhaldi af því borið eld að fötum hans, er leiddi Jósef Liljendal Sigurðsson til dauða.

Ákærði kveist hvorki muna að hafa stungið skrufjárnir í andlit Jósefs inn í gegnum höfuðkúpuna né að hafa hellt lakkþynni eða öðrum eldfimum vökva yfir fót hans og líkama. Ákærði ber ekki á móti því að hafa gert þessa hluti og hefur ekki véfengt rannsóknir er sýna fram á að svo muni hafa verið.

Verður nú rakið það sem fram hefur komið um verk þetta og aðdraganda þess.

Ákærði kveðst hafa farið í bæinn að kaupa sér fót miðvikudaginn 13. mars sl. Hann hafi jafnframt keypt sér 1 og ½ flösku af Baccardi og hafi hann hafið áfengisdrykkju um kl. 14:00-15:00. Hann hafi heimsótt vinnufélaga á trésmíðaverkstæði við Lindargötu og hafi þeir hjálpað honum við að ljúka úr flöskunni. Ákærði kveðst síðan hafa farið heim, skipt um fót og klæðst nýju fötunum, ljósum kakibuxum, ljósbláum mittisjakka og svörtum netbol. Um kl. 20:30 kveðst ákærði hafa farið niður í bæ. Hann hafi komið við á Pöbbinum, Gauki á Stöng og Hellinum. Ákærði kveðst hafa sest niður á veitingastaðnum Gauki á Stöng og fengið sér könnu af öli. Hann hafi tekið þar tali mann, er starfar hjá Flugleiðum, en hann veit ekki frekari deili á. Þeir hafi síðan orðið samferða á veitingastaðinn Hellinn. Þar hafi þeir fengið sér drykk og að því búnu tekið sér leigubifreið á veitingastaðinn „Y“ við Smiðjuveg í Kópavogi. Samferðamaður ákærða yfirgaf staðinn fljótlega, en ákærði sat þar til kl. 01:00. Rétt fyrir lokun kveðst ákærði hafa kynnst Jósefi Liljendal Sigurðssyni. Ákærði kveðst hafa gengið yfir að borði hans, sest niður og tekið hann tali. Hann kveðst ekki hafa þekkt hann neitt. Ákærði segir, að Jósef hafi boðið honum með sér í „party“, án þess að tilgreina það neitt nánar. Hafi ákærði þegið boðið. Þeir hafi orðið samferða út. Jósef hafði þá að orði, að hann þyrfti fyrst að hringja og hafi þeir gengið yfir að trésmíðaverkstæði skammt frá, að Smiðjuvegi 50. Jósef hafi opnað með lykli og hafi þeir farið inn. Þeir hafi gengið í gegnum verkstæðið inn eftir húsinu og upp stiga í kaffistofu eða skrifstofu. Jósef hafi tekið síma úr hillu og sett hann á borðið og sjálfur sest innan við borðið og byrjað að hringja. Á meðan kveðst ákærði hafa staðið framan við borðið eða gengið um og horft yfir verkstæðið. Ákærði kveður Jósef hafa hringt þrisvar eða fjórum sinnum án árangurs. Ákærði kveðst þá hafa tekið stól, farið úr jakkanum og annaðhvort hengt hann á stólbakið eða sett hann yfir axlir sér og sest gegnt Jósefi við borðið. Ákærði segir að Jósef hafi þá sofnað fram á borðið og hafi hann þá ýtt við honum með því að ýta í öxlina á honum, og ætlað að athuga hvort Jósef ætlaði ekki í þetta „party“ sem talað hafði verið um. Jósefi hafi brugðið og sló hann til hendinni sem lenti lauslega á nefi ákærða. Ákærði kveðst „hafa séð rautt“. Hann hafi hlaupið framá stigapallinn, gripið þar

rör og hlaupið með það til baka. Þegar hann hafi nálgast borðið hafi Jósef verið að rísa upp. Ákærði kveðst hafa slegið hann viðstöðulaust í höfuðið með rörinu. Jósef hafi fallið niður á stólinn og síðan í gólfið. Ákærði kveðst hafa haldið á skrufjární, sem hann muni ekki hvar hann tók, og kveðst hann muna eftir því að hafa rekið það á kaf í kvið mannsins, þar sem hann lá á gólfinu. Ákærði kveðst alls ekki muna eftir því að hafa áður rekið skrufjárníð í enni mannsins við nefrót. Ákærði segir að Jósef hafi legið meðvitundarlaus á gólfinu og hafi talsvert blætt úr höfði hans. Ákærði kveðst hafa tekið seðlaveski mannsins úr brjóstvasa hans og kannað innihald þess. Hann hafi í fyrsa lagi verið að athuga hvort einhver persónuskilríki myndu finna og í öðru lagi hafi hann verið að kanna hvort peningar væru í veskinu. Svo hafi ekki reynst vera og hafi hann sett veskið á kvið mannsins án þess að taka neitt úr því. Ákærði kveðst síðan hafa borið eld að mannum með kveikjara sínum. Hann hafi kveikt í fötum hans í brjóstthæð. Að því búnu hafi hann tekið jakkann sinn og gengið út og hafi þá logað í líkama Jósefs heitins.

Ákærði kveðst alls ekki muna eftir því að hafa hellt eldfimu efni, lakkþynni, yfir manninn áður en hann bar eld að fötum hans. Hann kveðst þó ekki bera á móti því að hann hafi gert það, þar sem í niðurstöðu rannsóknar prófessors Þorkels Jóhannessonar, sbr. skýrslu Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, dags. 3. júní sl., en þar segir:

„Niðurstöður þessara rannsókna eru í samræmi við þá ályktun, að klæði hins látna hafi verið vætt með áðurnefndum þynni (lakkþynni) og eldur borinn að og hann hlotið bana af.“

Ákærði kveðst ekki vita hvað sér hafi gengið til, er hann sótti rörið og barði Jósef heitinn í höfuðið með því. Hann kveðst hafa séð rautt er hann gerði þetta og hafi engin heilbrigð hugsun komist að. Það sama hafi gilt er hann bar eld að klæðum hins látna. Ákærði kveðst ekki áður hafa kannað hvort líf leyndist með Jósefi þegar hann kveikti í fötum Jósefs. Hann kveðst hafa ályktað að Jósef væri látinn en hafi ekki hugleitt það sérstaklega. Ákærði kveðst hafa „panikerað“ þegar Jósef hafi legið meðvitundarlaus á gólfinu. Hann hafi því ætlað að fela öll vegsummerki með því að brenna manninn. Það hafi ekki verið ætlun sín að brenna húsið. Ákærði kveðst ekki hafa hugleitt það að íkveikjan gæti valdið stórfelldum eignarspjöllum.

Eftir að hafa yfirgefið verkstæðið kveðst ákærði hafa gengið yfir að Smíðjukaffi og farið inn. Hann hafi farið fram á salerni og þvegið sér um hendurnar og gengið síðan inn í veitingasalinn. Hann hafi sest við borð hjá mönnum er hann kannist við og tekið tali. Hann mundi ekki nema nafn annars þeirra við yfirheyrslu fyrir dómi, og hafi sá heitið Pétur. Menn

þeir er hér um ræðir munu hafa verið Pétur Kristinsson, Óskar Hilmarsson og Pálmi Hannesson. — Ákærði kveðst muna óljóst eftir að hafa hringt en kveðst hvorki muna hvert hann hringdi né við hvern hann talaði. Að því búnu kveðst hann hafa gengið út og ætlað heim en þessir atburðir hafi legið svo þungt á sér að hann hafi snúið við og farið aftur inn í Smiðjukaffi. Hann kveðst hafa gengið yfir að borði til tveggja pilta sem voru að borða, og beðið þá að fylgja sér út þar sem hann hefði séð reyk leggja frá nærliggjandi húsi. Ákærði kveðst ekki þekkja menn þessa. Ákærði kveðst hafa beðið þá um að kanna málið með sér vegna þess að hann væri sjálfur undir áhrifum áfengis. Hafi piltarnir orðið við beiðni hans og fylgt honum út og að Smiðjuvegi 50. Menn þeir sem hér um ræðir munu hafa verið Ingimar Friðrik Jóhannsson nemi og Guðmundur Ingi Guðmundsson verkamaður. Ákærði kveðst ekki muna hversu langur tími leið frá því hann kom inn í Smiðjukaffi þar til hann tilkynnti að hann hefði orðið var við reyk. Þegar að var komið lagði reyk upp með húsinu ofanverðu frá samskeytum á stórri hurð. Fyrir dómi mundi ákærði ekki hvort hann eða annar piltanna hafi hlaupið til baka að Smiðjukaffi og tilkynnt um eldsvoðann. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, í skýrslu sem ákærði hefur staðfest, heldur ákærði því fram að hann hafi farið og er sá framburður í samræmi við framburð vitna. Verður hann lagður til grundvallar. Ákærði kveðst þá hafa hlaupið til baka að Smiðjukaffi og tilkynnt um eldsvoðann. Hafi starfsmenn Smiðjukaffis fylgt honum að Smiðjuvegi 50 til þess að kanna málið. Mennirnir sem fylgdu ákærða eftir munu hafa verið Bjarni Þór Ágústsson matsveinn, Þórir Kjartansson dyravörður og Eiríkur Árni Hermannsson bakari.

Ákærði segir Bjarna hafa lyft sér upp í glugga og séð að húsið var allt fullt af reyk. Bjarni hafi brotið tréspjald í hurðinni og opnað hana. Hafi þá gosið mikill reykur út. Ákærði kveðst hafa hlaupið yfir að Smiðjukaffi til þess að ná í slökkvitæki. Hafi dyravörður í Smiðjukaffi tekið tækið og hlaupið með það að Smiðjuvegi 50. Það mun hafa verið Albert Birgisson dyravörður.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið þátt í slökkvistarfinu heldur hafi hann staðið utan dyra og fylgst með. Eftir að lögreglan hafði tekið niður nafn og heimilisfang ákærða kveðst hann hafa haldið af stað heim á leið. Annar piltanna er fór fyrst með honum að Smiðjuvegi 50 hafi ekið fram á hann og boðið honum akstur heim sem hann hafi þegið. Það mun hafa verið Ingimar Friðrik Jóhannsson nemi.

Ákærði hefur haldið því fram fyrir dómi að hafa verið „nokkuð vel drukinn“. Hann hafi drukkið 1 og ½ flösku af Baccardi yfir daginn með mönnum þeim er hann hitti. Um kvöldið hafi hann drukkið bjórlíki og áfengi á veitingastöðum þeim sem hann sótti.

Blóðsýni var tekið úr ákærða á Borgarspítalanum kl. 10:45, 14. mars sl. Samkvæmt þeirri niðurstöðu reyndist alkóhólmagn í blóði vera 0,45‰.

Ákærði mætti í fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kl. 8:25, 14. mars sl. Féll grunur á hann í þeirri yfirheyrslu og í næstu yfirheyrslu kl. 9:45 þann sama dag var hann yfirheyrður sem sakaður og var úrskurðaður í gæsluvarðhald 15. mars sl.

Ákærði kom fyrir dóm 15. október sl. og staðfesti framburð sinn í lög-regluskýrslum og undirritun sína þar.

Enginn var vitni að þeim atburðum sem ákærði er ákærður fyrir, en rétt þykir að greina frá framburði vitna sem koma við sögu eftir að ákærði hafði framið verknaðinn, einkum vegna þess að nokkur vitnanna tóku þátt í slökkvistarfinu.

Framburður Ingimars Friðriks Jóhannssonar nema er í samræmi við framburð ákærða. Vitnið staðfestir að hafa veitt því athygli er ákærði reyndi að fá lánaðan síma til þess að hringja og hafi sagt við afgreiðslustúlkuna að um væri að ræða lögreglumál og þetta væri áriðandi símtal. Ingimar telur, að klukkan hafi verið u.þ.b. 2:45-3:00, þegar ákærði kom að borði hans og Guðmundar Inga Guðmundssonar og bað þá að fylgja sér út þar sem hann fyndi reykjarlykt. Ingimar kveðst enga reykjarlykt hafa fundið þegar út var komið og kveðst ekki hafa séð reykin stíga frá húsinu fyrr en hann var næstum kominn að því. Ingimar segir að ákærði hafi ólmur viljað að húsið væri opnað og málið kannað nánar. Vitnið kveðst ekki hafa tekið þátt í slökkvistarfi dyravardanna. Hann kveðst hafa boðið ákærða að aka honum heim og hafi hann þegið það. Ingimar segir að sér hafi virst ákærði mjög spenntur og hafi haft á orði á heimleiðinni að skömmu áður hafi brunnið hjá honum til sjós og væri hann því mjög hræddur. Vitninu fannst ákærði vera í miklu meira uppnámi en tilefni væri til. Ingimar kveðst ekki vilja bera um það hvort ákærði hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum þar sem hann þekkti ekki ákærða.

Vitnið Guðmundur Ingi Guðmundsson verkamaður staðfestir framburð ákærða og Ingimars Friðriks Jóhannssonar. Hann segir að ákærði hafi viljað fá þá út með sér til þess að kanna málið, þar sem hann væri ölvaður en hafði áður spurt þá hvort þeir væru ekki „edru“. Guðmundur segir ákærða hafa gengið beint að húsinu Smiðjuvegi 50. Guðmundur kveðst hafa yfirgefið vettvang um kl. 3:00 og voru þá dyraverðir úr Smiðjukaffi og lögregla komin á vettvang.

Vitnið Bjarni Ágúst Jónsson matreiðslumaður kveðst hafa tekið eftir því, að ákærði hafi yfirgefið Smiðjukaffi um kl. 02:00 eða rúmlega það. Skömmu síðar hafi ákærði komið aftur og tilkynnt að kviknað væri í húsi skammt frá. Bjarni segir ákærða hafa verið talsvert ölvaðan en hann hafi engu að síður trúað honum. Vitnið segir, að tveir dyraverðir hafi fylgt þeim

út. Bjarni kveðst hafa teygt sig upp í glugga sem er fyrir ofan útidyrnar og séð að inni var allt fullt af reyk. Bjarni kveðst þá hafa brotið spjald í hurðinni og opnað útidyrnar. Bjarni lýsir aðkomunni svo, að þar hefði allt verið fullt af reyk, og hefði honum fundist sem loftið væri oliublandað. Reykurinn hafi verið mjög sterkur. Hann kveðst hafa hlaupið inn eftir húsinu til þess að aðgæta, hvort einhver leyndist inni. Hann kveðst hafa kannað geymslur undir skrifstofunni, en hafi þá ekki þolað lengur við og farið út aftur og opnað stóra vængjahurð, sem er við hliðina á dyrunum er hann fór inn um. Bjarni kveðst síðan hafa farið inn aftur og hafi Þórir dyravörur verið með honum. Bjarni kveðst nú hafa farið upp stigann og inn í skrifstofuna, og þar kveðst hann hafa séð að eldur logaði undir skrifborðinu. Í næstu andrá kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því, að maður lá undir skrifborðinu og kraumaði í honum eldur. Var hann mikið brunninn. Þegar hér var komið kveðst Bjarni hafa orðið að hlaupa út og fá sér frískt loft. Bjarni kveðst hafa fengið handslökkvitæki hjá Alberti dyraverði og farið inn og sprautað dufti yfir manninn og hafi síðan orðið að hlaupa út. Hann hafi aftur farið inn og sprautað því sem eftir var úr slökkvitækinu yfir manninn. Honum hafi ekki tekist að slökkva eldinn en kæft hann að mestu. Bjarni segir, að eldurinn hafi gosið upp aftur en hann hafi orðið frá að hverfa. Lögreglan var nú komin á vettvang og hjá henni kveðst Bjarni hafa fengið stórt duftslökkvitæki og hafi dælt úr því, þar til hann hafi verið öruggur um að hafa slökkt eldinn. Bjarni kveðst hafa farið inn eina ferðina enn, nú til þess að setja viftu í gang til þess að hreinsa loftið. Bjarni kveðst ekki hafa haft frekari afskipti af þessum atburði. Bjarni kveðst hvorki hafa gefið ákærða gaum á meðan á slökkvistarfinu stóð né hafi hann veitt honum athygli fyrr um kvöldið. Bjarni kveðst hafa fengið snert af reykeitrun og verið frá vinnu í tvo daga.

Vitnið Þórir Kjartansson dyravörður kveðst hafa komið inn í Smiðju-kaffi um kl. 01:45 og fljótlega á eftir hafa tekið eftir ákærða þar inni. Þórir telur, að klukkan hafi verið nálægt 03:00 er ákærði kom og tilkynnti að eldur væri laus í nærliggjandi húsi. Hann kveðst hafa hlaupið út með Bjarna og er samræmi í framburði þeirra um aðkomuna á Smiðjuvegi 50. Þórir segir að ákærði hafi verið mjög æstur er þeir komu að húsinu og hafi ákveðið viljað að þeir brytust inn þar sem maður kynni að vera inni. Þórir kveðst hafa farið inn í húsið á eftir Bjarna. Hann hafi bent Bjarna á að fara upp stigann. Hann kveðst hafa aðstoðað Bjarna að slökkva í líkinu eftir að lögreglan kom með slökkvitæki. Þórir segir, að ákærði hafi verið talsvert „sjokkeraður“ og haft að orði að kviknað hefði í bát, þar sem hann væri skipverji og fengi þessi atburður því mjög á hann. Þórir segir bæði ákærða og Jósef heitinn hafa verið ölvaða, en Jósef sýnu meira.

Vitnið Eiríkur Árni Hermannsson lagerstjóri kveðst hafa verið að fá sér

að borða í Smiðjukaffi. Hann hafi lokið við máltíðina milli kl. 02:00-03:30. Hafi hann þá heyrt er ákærði kom og tilkynnti í afgreiðslunni að kviknað væri í trésmiðaverkstæði á móti. Sér hafi virst ákærði vera mjög tauga-veiklaður og ör. Eiríkur segist hafa fylgt Bjarna út og hafi hann farið inn í húsið þegar Bjarni opnaði það. Hann kveðst hafa skyggst inn á neðri hæðina en orðið að fara út í leit að frísku lofti. Að því búnu hafi hann farið inn aftur og upp stigann og þá séð að eldur var í mannslíkama, sem lá úti í horni vinstra megin er komið var upp. Eiríkur segir nokkurn eld hafa verið í efri hluta líkamans. Hann kveðst hafa farið niður og sagt Bjarna frá þessu. Skömmu síðar komu lögreglumenn á staðinn.

Albert Birgisson dyravörður kveðst fyrst hafa tekið eftir ákærða inni í Smiðjukaffi um kl. 02:00. Klukkan hafi verið að nálgast 03:00, þegar ákærði kom til hans og bað hann að hringja á slökkviliðið þar sem kviknað væri í húsi á móti. Vitnið kveðst hafa hring í lögregluna í Kópavogi. Hann kveðst hafa hlaupið niður eftir og svo aftur að Smiðjukaffi og náð í slökkvitæki og látið Bjarna hafa það. Vitnið kveðst ekki hafa tekið þátt í slökkvistarfinu en aðeins farið inn og upp á loft og kveðst rétt hafa séð móta fyrir likinu á gólfinu en erfitt hefði verið að sjá fyrir reykt.

Arndís Hreiðarsdóttir nemi var á þessum tíma afgreiðslustúlka á veitingastaðnum „Y“. Hún kveðst hafa bæði veitt ákærða og Jósefi heitnum athygli umrætt kvöld. Jósef hafi verið á staðnum frá því kl. 18:00 um kvöldið og drukkinn áfengi. Síðar um kvöldið hafi ákærði komið inn í veitingastaðinn „Y“ og hafi ákærði og Jósef verið hávaðasamir í samræðum sínum. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því að þeir hafi yfirgefið staðinn saman. Sér hafi virst Jósef töluvert drukkinn en ákærði hafi hins vegar ekki verið það.

Sveinn Haukur Sigvaldason, meðeigandi Jósefs heitins Liljendals Sigurðssonar í trésmiðaverkstæðinu JHS, hefur einnig komið fyrir dóm og staðfest, að hann hafi síðast séð Jósef heitinn á veitingastaðnum „Y“ um miðnætti 13. mars sl. Hafi Jósef verið töluvert ölvaður. Sveinn kveðst hafa boðist til að aka Jósefi heim en hann hafi ekki þegið boðið.

Í vottorði frá Veðurstofu Íslands um veður 13.-14. mars sl. kemur fram, að kl. 24 hinn 13. mars sl. hafi vindátt og veðurhæð verið VSV 2, él, skyggni 60 km og 2,1 stiga frost. Kl. 03.00 14. mars sl. hafi verið SSV 2, snjóél, 2,5 km skyggni og 3,1 stiga frost.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði til brunamálastjóra ríkisins með bréfi, dagsettu 28. mars sl., og óskaði eftir álitum um það hvort íkveikjan hefði valdið eldsvöða sem haft hefði í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháskva annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Brunamálastjóri fól Ástvaldi Eiríkssyni, forstöðumanni eldvarnareftirlits

á Keflavíkurflugvelli, og Guðmundi Gunnarssyni, byggingaverkfræðingi, að meta almannahættu vegna íkveikjunnar og skiluðu þeir ýtarlegri skýrslu, dagsettri 2. apríl sl. Málið var endurupptekið 1. nóvember sl. og lögðu hinir sérfróðu matsmenn fram viðbótarupplýsingar um brunann á Smiðjuvegi 50. Báðar skýrslurnar hafa þeir staðfest fyrir dómi við meðferð málsins. Í skýrslu þeirra frá 2. apríl segir svo um aðstæður:

„*Húslýsing.*

Húsið Skemmuvegur (sic) 50 er nýlegt einnar hæðar steinsteypt hús með léttu þaki sem er borið uppi af stálbitum og stálsúlu. Stærð hússins er um 320 m², en því er skipt í tvennt með steypum vegg upp í 220 sm hæð, en þar fyrir ofan er léttur veggur. Sú hlið veggisins sem snýr að trésmiðaverkstæðinu er klædd með 12 mm spónaplötum, en hin hlið veggisins er klædd með 16 mm spónaplötum. Þeim megin í húsinu er Jón B. Baldursson rafvirkja-verktaki til húsa. Þar sem um tvö óskyld fyrirtæki er að ræða ætti veggurinn á milli þeirra að vera a.m.k. B60, það er auk fyrrgreindra efna ætti veggurinn að vera með 3'' harðpressaðri steinull í grindinni. Veggurinn ætti að ná að ystu vegg- og loftklæðningu. Eins og veggurinn stendur í dag er brunamótstaða hans vart meiri en 30 mín., auk þess sem hann er ekki nægilega þéttur gagnvart reyk. Í lakkklefanum og inni á snyrtingunni náðu plöturnar ekki niður á steypa vegginn, og myndaðist allt upp í 10 sm rífa milli þeirra. Á þessum stað er brunamótstaðan eingöngu fólgin í 16 mm spónaplötunni. Samkvæmt upplýsingum Jóns B. Baldurssonar eru 16 mm plöturnar harðpressaðar en 12 mm plöturnar virtust vera með venjulegri pressu.

Að Skemmuvegi (sic) 48 er steinsteyptur veggur sem nær 30 sm upp úr þaki. Efst á veggnum er spónaplata en ekki er vitað hvort þar sé um að ræða gat á veggnum eða ekki og við brunan, sem varð í þessu sama húsi 19. febr. 1982, var þarna gat, en ekki hefur fengist staðfesting á því að múrað hafi verið upp í það. Stærð plötunnar er ca. 40×90 sm.

Inni í trésmiðaverkstæðinu er pallur 2,55×6,0 m að stærð. Undir honum er lakkklefi, snyrting og geymsla en uppi á pallinum er kaffistofa og skrifstofuaðstaða. Milligólfíð er úr timbri, 12 mm spónaplötur að neðan en 22 mm að ofan. Brattur stigi úr timbri liggur upp í kaffistofuna.“

Í skýrslu dagsettri 31. október sl. kemur fram að við skoðun matsmanna 30. október 1985 kom í ljós að múrað hafi verið upp í gatið á steinsteypta veggnum sem skilur Skemmuveg (sic) 50 frá Skemmuvegi (sic) 48 skömmu eftir brunann í húsinu 19. febrúar 1982.

Um hugsanlega þróun brunans segir í skýrslu, dags. 2. apríl sl.:

„Líklegt framhald þessa bruna, ef hann hefði brunnið óhindraður áfram, er að hann hefði farið að breiðast út eftir að hafa brunnið í gegnum gólfíð.

Þá ná plöturnar að hitna báðum megin frá sem eykur brunahraða þeirra verulega. Fljótlega hefði eldurinn náð í nærliggjandi vegg, og dreift þaðan í loftklæðninguna sem er úr spónaplötum. Þaðan hefði eldurinn borist í undirliggjandi brennanleg efni með hitageislun. Þar er um að ræða hverskyns timburafurðir s.s. hálfsmíðaða skápa, vinnuborð, timbur og spónaplötulager svo og birgðir af þynnum og lökkum sem voru geymd undir vinnuborðum í austurenda hússins. Á þessu stigi eldvoðans brotnar gler í gluggum hússins út.

Aðskilnaður milli verkstæðisins og húshluta Jóns B. Baldvinssonar (sic) rafverktaka er tiltölulega léttur þar sem frágangi veggsins var ekki lokið. Brunamótstaða ca. 30 mín. Eldsvoði í þessu sama húsi þann 19. febrúar 1982 olli verulegu tjóni á verkstæði Jóns einmitt vegna þess að ekki var tryggilega gengið frá umræddum vegg.“

Í skýrslu, dagsettri 31. október sl., kemur fram að Jón B. Baldursson metur verðmæti þau, sem voru inni í húsi hans þegar eldsvoðinn varð, frá 900.000,00 til 1000.000,00 króna.

Niðurstaða hinna sérfróðu matsmanna er sú, að þeir telja að allt húsið Smiðjuvegur 50 hafi verið í hættu vegna eldsins, en hins vegar ekki Smiðjuvegur 48.

Ákæra, dagsett 2. september 1985.

Ákæruliður I.

Málsatvik.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt 24. desember 1984 brotist inn í verslunina Spesiuna, Iðnbúð 4, Garðakaupstað í félagi við Ragnar Ólafsson, Skólagerði 18, Kópavogi og stolið allt að 7.000,00 krónum í reiðufé og 20 vindlingalengjum.

Ákærði kom fyrir dóm 15. október 1985 og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Ákæruliður II.

Málsatvik.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 3. janúar 1985 brotist í þjófnaðarskyni inn í smurbrauðsstofuna Björninn, Njálsgötu 49 í félagi við Vilmund Sigurð Vilmundarson, Ásvallagötu 29, Reykjavík, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Ákærði kom fyrir dóm 15. október sl. og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Persónulegir hagir ákærða:

Ákærði er fæddur og uppalinn í Reykjavík, eldri tveggja bræðra. Hann

gekk í skóla í Reykjavík og reyndist skólagangan honum erfið. Átta ára að aldri var hann í meðferð á barnageðdeildinni við Dalbraut í 3 mánuði. Hann hætti námi í 3. bekk og hafði þá reynst mjög erfiður nemandi sem hvorki gat einbeitt sér né aðlagð sig skólanum að sögn skólastjóra. Var latur og hyskinn að sögn foreldra. Ákærði vann ýmist á sjó eða landi eftir að skólagöngu lauk. Var stutt á hverjum vinnustað, var ýmist rekinn eða sagði sjálfur upp.

Ákærði byrjaði að drekka áfengi 14-15 ára gamall og ekki leið á löngu, að hann drakk í túrum sem gátu varað allt í sex til sjö mánuði. Ennfremur fór hann að misnota lyf í auknum mæli. Ákærði kveðst „éta allt sem hægt sé að éta“.

Ákærði kveðst frá 17 ára aldri oft hafa verið í meðferð vegna ofangreindra vandamála bæði á meðferðarstofnunum SÁÁ og geðdeildum ríkisspítalanna. Hann hafi viljað komast út úr þessari óreglu þar sem hún hafi svo oft leitt hann í ógöngur.

Ákærði kveðst ekki hafa tölu á því hversu oft hann hafi verið tekinn af lögreglu vegna ölvunar og óspekta á almannaþæri. Hann varð uppvís að þjófnaði og ávísanafalsi 1983 og var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var hann dæmdur í 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár í sakadómi Reykjavíkur 13. júlí 1984 fyrir peningabjófnað og bilþjófnað og fyrir að aka um bæinn réttindalaus.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan 15. mars sl.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, var fenginn til þess að rannsaka andlegan og líkamlegan þroska og heilbrigði ákærða, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla um rannsókn þessa. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu þessarar, þar á meðal niðurstöðukaflí:

„Geðskoðun:

Á meðan á rannsókninni stóð einkenndist geðslag Sigurðar af spennu og einnig skorti nokkuð á samvinnufýsi hans í viðtölum. Í upphafi bar hann stundum fyrir sig að hann vildi ekki ræða málín og að undirritaður gæti leitað upplýsinga annars staðar. Þegar leið á seinni hluta rannsóknarinnar varð Sigurður jákvæðari og skýrði greiðlega frá. Að öðru leyti var ekkert sérstakt athugavert við almenna hegðun hans, útlit, hreyfingar eða klæðaburð. Tjáning hans og tal voru að mestu eðlileg og tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefnið hverju sinni. Við skoðunina greindust ekki einkenni, svo sem ofskynjanir, haldvillur eða sérviskulegur hugsanaháttur er bent gætu til meiriháttar geðveiki. Ekki varð heldur vart einkenna um meiriháttar taugaveiklun, en hins vegar lýsti Sigurður því að hann upplifði oft mikla spennu innra með sér. Minni Sigurðar svo og dómgreind og hæfi-

leiki til afstæðra hugsana og einbeitingar virtist óskert og hann var fyllilega áttaður á stað, stund og eigin persónu.

Ályktun:

Að mínu áliti er Sigurður Adolf Frederiksen hvorki haldinn formlegri geðveiki né greindarskortni. Hins vegar tel ég að hann sýni merki alvarlegra persónuleikatrufllana sem meðal annars hafi komið fram í alvarlegum atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, lélegri skóla- og atvinnusókn, áfengis-sýki, lyfjanotkun og endurteknum afbrotum. Á undanförnum árum hefur Sigurður oftlega vistast á meðferðarstofnunum vegna framangreindra vandamála eins og skýrslur um fyrra heilsufar hans greina frá. Persónuleikatrufllanir Sigurðar hafa meðal annars komið fram í hömluleysi og lélegri hvatastjórn þannig að undir áhrifum áfengis og/eða lyfja/efna virðist stundum þurfa lítið áreiti til að hann missi stjórn á sjálfum sér. Talsvert virðist hafa borið á sjálfseyðingarhvöt hjá Sigurði á undanförnum árum svo og að hann virðist eiga erfitt með að læra af fenginni reynslu.

Því miður er það svo að persónuleikatrufllanir af því tagi er hér um ræðir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en með aldrinum dregur oft úr slíkum vandkvæðum í mörgum tilvikum. Af viðtölum og málsgögnum virðist ljóst að aðdragandi og orsök atviks þess, er Sigurður sætir kæru fyrir, hafi verið skyndilegur missir sjálfsstjórnar undir áfengis-áhrifum. Þó líklegt megi teljast að dómgreind Sigurðar hafi verið sljógvud vegna ölvunar þegar atburðurinn átti sér stað þá verður þó að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Sigurðar Adolfs Frederiksens sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur.“

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram hefur komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærði varð valdur að eldsvoða árla morguns, sunnudaginn 10. mars sl. með íkveikju í rúmfatnaði í káetu sinni um borð í vélskipinu m/b Boða GK 24.

Ákærða var fullkunnugt um að stýrimaður og næturgestur hjá honum höfðu tekið á sig náðir í klefa aðliggjandi þeim sem hann kveikti í. Þá vissi ákærði enn fremur að m/b Boði GK 24 lá utan á vélskipinu m/b Haffara GK 240. Honum gat því ekki dulist, að með verknaði þessum var fólk það, sem um borð var, í bersýnilegum lífsháská. Ákærði hefur viðurkennt að hafa borð eld í sængurfatnaðinn í því skyni að kveikja í skipinu. Hafi hann með því móti ætlað sér að hefna sín, þar sem stýrimaðurinn hafði neitað ákærða um peningalán. Íkveikjan er því ásetningsbrot.

Atferli ákærða varðar við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Sannað er með játningu ákærða, sem studd er mjög ítarlegum rannsóknargögnum og framburði vitna, að ákærði sló Jósef Liljendal Sigurðsson, aðfaranótt 14. mars 1985 að minnsta kosti þrisvar í höfuðið með járn-röri, stakk hann í andlit gegnum höfuðkúpuna með skrúfjárnri og rak það síðan á kaf í kviðarhol Jósefs. Að því búnu hellti ákærði eldfimum vökva yfir hann og lagði eld í, sem leiddi Jósef Liljendal Sigurðsson til dauða.

Ákærði er einn til frásagnar um aðdraganda þessa verknaðar og þykir ekki ástæða að véfengja frásögn hans. Óljóst er hvaða hvatir leiddu ákærða til verksins. Telja verður, að ákærði hafi ekki fyrir framúið yfir neinum áformum um að ráða Jósef af dögum, heldur hafi hann unnið verkið eftir að hafa misst alla sjálfstjórn, að því er virðist að tilefnislausu. Ákærði sló Jósef a.m.k. 3 högg í höfuðið með þungu járn-röri, þannig að hann féll í gólfið meðvitundarlaus. Ákærði veitir Jósefi enn frekari áverka eins og að framan er lýst og leggur að því búnu eld að klæðum hans eftir að hafa hellt yfir hann eldfimum vökva. Ákærða hlaut að vera fyllilega ljóst, að slík atлага myndi örugglega leiða þann til dauða sem fyrir henni varð.

Meta ber verknað hans ásetningsverk sem varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á íkveikjunni að hann hafi orðið hræddur, er hann sá Jósef liggja meðvitundarlausan á gólfinu. Hann hafi viljað fela öll ummerki af verknaði sínum og hafi því lagt eld að manningum í því skyni að brenna hann. Það hafi á hinn bóginn ekki verið ætlun sín að brenna húsið. Ákærði kveðst á þeirri stundu alls ekki hafa hugleitt skað-vænlegar afleiðingar af háttsemi sinni.

Ákærði kveikti eld í trésmíðaverkstæði, þar sem inni voru eldnæm efni. Verkstæðið stendur í iðnaðarhverfi í sambyggðri röð einnar hæðar steinhúsa með járnklæddum timburþökum. Húsið Smíðjuvegur 50 er tvískipt og eru tvö óskyld fyrirtæki þar til húsa. Eins og rakið hefur verið í gögnum málsins var brunamótstöðu á vegg þeim er aðskildi fyrirtækin ábótavant. Stafaði almannahætta af atferli ákærða. Ennfremur var eignarhluti Jóns B. Baldvinssonar (sic) í hættu í Smíðjuvegi 50 vegna þessa bruna en þar inni voru mikil verðmæti.

Telst atferli ákærða með hliðsjón af framansögðu varða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Talið er sannað með játningu ákærða, sem studd er gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, að hann hafi framið brot þau, sem lýst er í ákæruskjali, dagsettu 2. september sl., ákærulið I og II.

Ákærði telst hafa brotið gegn ákvæðum 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19, 1940 og 244. gr. s.l., sbr. 20. gr. s.l.

Ákærði hefur rofið skilorð dóms 13. júlí 1984 (3 mánaða fangelsi), og ber skv. 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma honum refsingu í einu

lagi fyrir brot þau sem sá dómur lýtur að og þau sem hann er nú saksóttur fyrir. Höfð verður hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar þykja hvorki refsilækkunarástæður 75. gr. almennra hegningarlaga koma til greina né heldur neinar af ástæðum sem um ræðir í 74. gr.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 17 ára fangelsi með sérstakri vísan til 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar, en ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 15. mars sl. og hefur setið í því síðan, eða 235 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur. Ennfremur málsóknarlaun til ríkissjóðs 20.000,00 krónur, en sækjandi af hálfu ákæruvalds var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Adolf Frederiksen, sæti fangelsi í 17 ár.

Gæsluvarðhaldsvist hans 235 dagar komi refsingunni til frádráttar.

Föstudaginn 20. júní 1986.

Nr. 99/1985. **Hrönn hf.**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skattar. Félög. Verðbreytingarfærsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl